

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Stjörnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	20.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Stjörnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara reglubunda eftirlit ársins hjá Stjörnugrís í Melasveit. Engin ný frávik komu fram frá starfsleyfi. Einni ábendingu er komið á framfæri varðandi dælingu úr neðri safnþró.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðu frávíka og aðstæður á svæðinu skoðaðar. Staðfest var að maurusýrutankur hefur verið færður og er hann nú geymdur innandyra við öruggar aðstæður. Önnur frávik eru rakin í samþykktri úrbótaáætlun frá rekstraraðila.

Rætt var um BAT niðurstöður fyrir pauleldi sem framkæmdastjórn Evrópu gaf út árið 2017. Rekstraraðila ber að fara eftir kröfum sem settar eru þar fram. BAT niðurstöður má finna á vef Evrópusambandsins, BAT conclusions for the intensive rearing of poultry or pigs. Starfsleyfi Stjörnugrís gildir til 29. júní 2023 en í lið 1.1 segir að endurskoða skuli starfsleyfið að jafnaði á 4 ára fresti en einnig ef breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búist var við eða ef gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun en ljóst er að nýtt starfsleyfi mun byggja á kröfum úr BAT niðurstöðum.

Gengið var um svæðið og var nokkuð sterk lykt við svínabúið en veður var stillt og því lítil hreyfing á lofti frá húsunum. Farið var umhverfis húsin og að mykjutönkum. Við neðri safnþró hafði mykja flætt upp úr eftir dælingu en það hafði einnig gerst fyrir fyrra eftirlit stofnunarinnar á árinu.


### ÁBENDINGAR

Bæta þarf verklag við dælingu úr neðri safnþró til að mykja flæði ekki upp úr eftir dælingu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.01.2019

  
Einar Halldórsson